

## REGLUR

### um breytingar á reglum um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009.

#### 1. gr.

Í öðrum málslíð 1. gr. bætist við orðið „vettvangsnámi“.

Málslíðurinn verður þannig: Með *símati* er átt við námsmat sem fer fram utan reglulegrar próftíðar, til dæmis með símataprófum, ritgerðum, munnlegum og skriflegum skýrslum, dagbókum, námsmöppum (portfolios), vettvangsnámi eða þátttöku í kennslustundum.

#### 2. gr.

Annar málslíður í staflið d) í 2. gr. verður (nýr málslíður): Nemendum skulu birtar einkunnir úr símatspáttum innan 30 daga frá skila- eða prófdegi.

#### 3. gr.

Í staflið f) í 3. gr. fellur burt orðið „kennsluviðs“.

Málslíðurinn verður þannig: Að sjá um, í samvinnu við aðra starfsmenn, að úrlausnir berist til viðkomandi umsjónarkennara.

#### 4. gr.

Í staflið b) í 4. gr. falla burt orðin „bakkalárnámi, meistaranámi og doktorsnámi“ og í staðinn kemur orðið: framhaldsnámi.

Málslíðurinn verður þannig: Vegna lokaverkefna í framhaldsnámi.

#### 5. gr.

Í staflið e) í 4. gr. breytist vísun í „grein 7 e“ í: grein 7 c.

#### 6. gr.

Á eftir 5. málslíð í staflið d) í 5. gr. kemur nýr málslíður sem orðast svo: Nemanda sem ekki hefur náð lágmarkseinkunn í námskeiði og hefur skilað inn vottorði vegna prófs í viðkomandi námskeiði í reglulegri próftíð, sjúkra- og endurtökupróftíð eða hvoru tveggja, er heimilt að taka prófið næst þegar reglulegt próf er haldið í námskeiðinu. Hafi nemendi þá ekki náð lágmarkseinkunn verður hann að endurskrá sig í námskeiðið.

#### 7. gr.

Í öðrum málslíð stafliðar e) í 5. gr. bætast við orðin: fyrir endurtökupróf.

Málslíðurinn verður þannig: Háskólanum er heimilt að að innheimta próftökugjald sem ákveðið er af háskólaráði fyrir endurtökupróf og skal greiðsla fara fram við skráningu í próf.

#### 8. gr.

Í þriðja málslíð stafliðar e) í 5. gr. falla niður orðin „sjúkra- og“. Málslíðurinn verður þannig: Skráning í endurtökupróf er ekki gild nema prófgjald berist áður en skráningarfrestur í prófið rennur út.

#### 9. gr.

Í þriðja málslíð stafliðar a) í 7. gr. falla niður orðin „aðeins á viðkomandi skólaári nema deild ákveði aðra reglu“ og í staðinn kemur: meðan nemandinn hefur próftökurétt, nema deild ákveði aðra reglu. Málslíðurinn verður þannig: Hafi nemandi staðist námsmatspátt en ekki náð tilskilinni loka-einkunn, gildir einkunn fyrir þann námsmatspátt sem nemandinn stóðst meðan nemandinn hefur próftökurétt, nema deild ákveði aðra reglu.

10. gr.

Í áttunda málslið stafliðar a) í 7. gr. breytist „Kennslusvið sér“ í: Skrifstofustjórar/kennslusvið sjá.

11. gr.

Fyrsti og annar málsliður stafliðar b) í 7. gr. breytast og verða: *Útskýringar á lokaeinkunn*. Nemandi á rétt á að fá útskýringar frá kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar innan 15 daga frá birtingu lokaeinkunnar eða á sýnidegi prófs sem halda skal innan 15 daga frá birtingu lokaeinkunnar.

12. gr.

Í þriðja málslið stafliðar e) í 7. gr. fellur niður orðið „veikindi“ og í staðinn kemur orðið: vottorð.

13. gr.

Reglur þessar, samþykktar af háskólaráði 28. febrúar 2011 eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla með síðari breytingu og reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 og öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 10. mars 2011.*

**Stefán B. Sigurðsson** rektor.

\_\_\_\_\_  
*Daniel Freyr Jónsson*, verkefnis-  
stjóri prófa og fjarkennslu.